

Fasteignagjöld og útsvar árið 2018

Útvarpsprósenta er 14,52%

Álagning gjalda

Álagning fasteignagjalda byggist á fasteignamati húsa og lóða í Rangárþingi eystra. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt V. kafla laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum skrifstofu Rangárþings eystra sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu.

Álagningarreglur

Fasteignaskattur, íbúðir og útihús, A-stofn 0,375% af fasteignamati

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur, opinbert húsnæði, B-stofn 1,32% af fasteignamati

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur, atvinnuhúsnæði, C-stofn 1,50% af fasteignamati

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Lóðarleiga 1,00% af fasteignamati lóðar

Holræsagjald 0,25% af fasteignamati

Vatnsgjald er skv. sérstakri gjaldskrá 0,23% af fasteignamati

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld eru skv. sérstakri gjaldskrá

| Sorpgjald | Íbúðarhús | Frístundahús | Lögbýli | Atvinnuhúsnæði |
|------------|------------|--------------|-----------|----------------|
| Grunngjald | 20.591 kr. | 20.591 kr. | 8.831 kr. | 20.591 kr. |
| Ílátagjald | 22.571 kr. | | | |

Gjalddagar og greiðslutilhögun

Gjalddagar eru sjö á árinu. Fyrsti gjalddagi er 1. febrúar, síðan 1. hvers mánaðar (mars-ágúst).

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Eftir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Fasteignagjöld 30.000 kr. og lægri eru innheimt með einum gjalddaga 1. apríl.

Fasteignaskattar, lóðarleiga, holræsagjald, vatnsgjald og sorpgjöld eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og löginnheimtu gjalda.

Álagningarseðill fasteignagjalda 2018 er sendur út á pappírformi einnig geta greiðendur flett honum upp á vefsíðunni www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í netbanka en verða ekki sendir út á pappírformi nema þess sé sérstaklega óskað með því að senda póst á hvolsvollur@hvolsvollur.is eða hringja í síma 488 4200.

Reglur um tekjutengdan afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega búsetta í Rangárþingi eystra

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn. Við álagningu er afsláttur reiknaður miða við tekjur ársins 2017 (forsendur sóttar til RSK) og tekjumörk skv. afsláttareglum 2018.

Umsóknnum um leiðréttingu afsláttar má skila á skrifstofu Rangárþings eystra ásamt staðfestu ljósriti framtals 2018 og verður afsláttur reiknaður miða við tekjur ársins 2017 og tekjumörk skv. afsláttareglum 2018.

Tekjumörk vegna tekna 2017 eru:

| Einstaklingur | Hjón/sambýlingar | Afsláttur |
|---------------------------|---------------------------|-----------|
| Allt að 2.757.000 | Allt að 4.146.000 | 100% |
| Milli 2.757.001-3.219.000 | Milli 4.146.001-4.773.000 | 75% |
| Milli 3.219.001-3.677.000 | Milli 4.773.001-5.404.000 | 50% |
| Milli 3.677.001-4.138.000 | Milli 5.404.001-6.034.000 | 25% |

Kvartanir og kærur

Álagning fasteignagjalda er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með áorðnum breytingum ásamt reglugerð nr. 1160/2005 um fasteignaskatt.

Um holræsisgjöld gilda lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt gjaldskrá fyrir holræsagjald í Rangárþingi eystra.

Um vatnsgjöld gilda vatnalög nr. 15/1923 og samþykkt gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Rangárþingi eystra.

Um sorpgjöld og sorphirðu gilda lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra. Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til verktaka. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn þá getur hann skotið málinu til Rangárþings eystra eða Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Ef húsráðandi fellir sig ekki við niðurstöðu Rangárþings eystra getur hann kært niðurstöðuna til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal kæra til nefndarinnar vera skrifleg og undirrituð. Þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun er kærð, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Upplýsingar geta einnig fengist á vefsíðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála www.uua.is.

Vinsamlega hafið samband við skrifstofu Rangárþing eystra í síma 488 4200 ef óskað er frekari upplýsinga.